

FLOGAVEIKI – VINNUFERLI

Nemandi með flogaveiki þarf sérstakt eftirlit í skóla. Eftirfarandi ber að hafa í huga ef nemandi er greindur með flogaveiki.

Viðtal við nemanda og foreldri

- Fá upplýsingar um hvernig flogaveiki nemandans er háttað, tíðni kasta, hvenær er mest hættu á köstum, lyf, hugsanlegar aukaverkanir lyfja
- Fá öll símanúmer hjá foreldrum
- Fá leyfi foreldra til að upplýsa starfsfólk skólans um sjúkdóm nemandans
- Fá mynd af nemandi til að geta sýnt starfsfólki skólans
- Bjóða foreldrum að fræða nemendur bekkjarins um flogaveiki

Útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk skólans um flogaveiki þar sem fram kemur

- Nafn og bekkur nemandi
- Símanúmer foreldra
- Einkenni flogaveiki nemandans
- Hvernig á að bregðast við flogakasti:
 - Halda ró sinni
 - Líta strax á klukku til að greina hve kastið varir lengi
 - Setja nemandi í hliðarlegu sé því við komið og tryggja óhindraða öndun
 - Vernda nemandi gegn skaða, fjarlægja hættulega hluti í umhverfi
 - Ekki setja neitt upp í munn nemandi
 - Hlúa að nemandi
 - Vera til staðar þegar fullri meðvitund er náð
 - Ekki er þörf á að hringja í 112 ef flogakasti lýkur innan 5 mínútna og engin merki er um meiðsl
 - Hringja í 112 ef flogakast varir lengur en í 5 mínútur og nemandi kemst ekki til meðvitundar
 - Vera meðvitaður um aðstæður sem geta framkallað flog, s.s. hiti, þreyta, sjónvarp og tölvur
 - Upplýsa um staðsetningu bráðalyfja ef nemandi á að fá þau skv. læknisráði

Upplýsa starfsmenn skólans um flogaveiki nemandi

- Segja frá veikindum nemandans og sýna mynd af honum
- Kynna leiðbeiningar og viðbrögð fyrir starfsfólki skólans

Starfsfólk skólans getur ávallt leitað til taugateymis Barnaspítala Hringins.

Starfsfólk þess er:

Pétur Ludvigsson, barnalæknir, heila- og taugasjúkdómar;
Ólafur Thorarensen, barnalæknir, heila- og taugasjúkdómar;
Ýr Sigurðardóttir, barnalæknir, heila- og taugasjúkdómar;
Gillian Holt, hjúkrunarfræðingur gillianh@landspitali.is

Sími 543-3017

Mánudaga til fimmtudaga kl. 08-16